

## UMHVERFISSTEFNA

Í umhverfisstefnu Ljósmyndaskólans er markmiðið að lágmarka vistsporið sem starfsemi skólans veldur. Skólinn er lítill og viðfangsefni hans sérhæfð en markmiðið er að nýta færar leiðir til að stuðla að umhverfisvernd og aukinni vitund nemenda, kennara og starfsfólks um áhrif manns á umhverfið og tengsl alls lífríkis.

Stjórnendur skólans hafa einsett sér að flétta sjónarmið umhverfisverndar inn í sérhverja ákvörðun sem tekin er og að hafa að leiðarljósi að fara vel með verðmæti, að endurnýta, flokka og að sporna við sóun.

Ljósmyndun er grein sem í grunninn byggir á tækni ýmiskonar og gildir einu hvort um er að ræða stafræna umhverfið eða vinnu með filmur. Reglulega er búnaður skólans endurnýjaður eða uppfærður og haft í huga að vistspor vegna þess sé sem minnst. Kappkostað er að rafdrifin búnaður sé endurhlaðanlegur eða gangi fyrir endurhlaðanlegum rafhlöðum eins og kostur er. Það er stefna skólans að lengja líftíma alls búnaðar eins og mögulegt er og að láta lagfæra bilaðan búnað sé þess nokkur kostur.

Áhersla er á flokkun úrgangs. Í rýmum skólans eru sorpflokkunartunnur ætlaðar fyrir mismunandi úrgagn. Aðgreind eru plast, pappír og spilliefni eins og prenthylki. Umbúðir með skilagjaldi eru flokkaðar sér.

Í námi við skólann nota nemendur efni sem umgangast þarf með gát en þess er vandlega gætt að efnaúrgangi frá verkstæðum skólans sé fargað með viðeigandi hætti.

Nemendur eru ávallt hvattir til að nýta hráefni vel og endurnýta eins og unnt er.

Skólinn er eini sinnar tegundar á Íslandi og hægt að færa rök fyrir því að í starfsemi hans endurspeglar umhverfisstefna því sambærilegt nám þyrfti að öðrum kosti að sækja til útlanda.

Umhverfisstefna skólans birtist í skólagjöldum en innifalið í þeim er tiltekinn efniskostnaður sem hvetur nemendur til að velta fyrir sér notkun og endurýtingu.

Umhverfisstefna er tekin til endurskoðunar á hverju skólaári á skólafundi skólans. Þátttaka nemenda í mótun umhverfisstefnu er mikilvæg og liður í að vekja til umhugsunar um brýnt málefni.